

Héraðsdómur Vesturlands



D Ó M U R

25. mars 2026

Mál nr. S-247/2025

Lögglustjórinn á Vesturlandi
(*Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari*)

gegn

X
(*Gunnar Gíslason lögmaður, verjandi ákærða*)
(*Sunna Magnúsdóttir lögmaður, réttargæslumaður brotaþola*)

Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 25. mars 2026

I. Málsmeðferð, ákæruskjal og dómkröfur aðila

1. Mál þetta er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Vesturlandi, útgefinni 28. ágúst 2025, á hendur [X...], kt. ..., ...,

2. Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða:

„I.

Fyrir brot í nánu sambandi og gegn barnaverndarlögum með því að hafa um miðnætti sunnudaginn ... 2025, í húsinu nr. ... við ... á ..., veist að syni sínum [A...], kt. ..., og tekið með báðum höndum um háls hans og höfuð og hrist hann til og með þessu ógnað lífi, heilsu eða velferð hans og með þessu jafnframt sýnt af sér ósiðlegt og ruddalegt athæfi gagnvart drengnum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. M: 313-2025-001052

II.

Fyrir brot í nánu sambandi og gegn barnaverndarlögum með því að hafa um miðnætti sunnudaginn ... 2025, í húsinu nr. ... við ... á ..., veist að dóttur sinni [B...], kt. ..., og tekið um hendur hennar, haldið þeim og kreist þær og með þessu ógnað lífi, heilsu eða velferð hennar og með þessu jafnframt sýnt af sér ósiðlegt og ruddalegt athæfi gagnvart stúlkunni.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. M: 313-2025-001052

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

3. Þá er í ákæruskjali tekin upp einkaréttarkrafa með svofelldum hætti:

„Einkaréttarkrafa:

Af hálfu [A...], kt. ..., er krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða honum miskabætur að fjárhæð kr. 800.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá ... 2025, en með

dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu [B...], kt. ..., er krafist að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð kr. 600.000,- auk vaxta skv. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá ... 2025, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi er mánuður er liðinn frá því að bótakrafa þessi er birt til greiðsludags. Þá er krafist að ákærða verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt síðar framlögðum málskostnaðarreikningi, að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.“

4. Ákærvaldið ítrekar gerðar kröfur samkvæmt ákæru og krefst fangelsisrefsingar. Réttargæslumaður brotþola ítrekar gerðar kröfur og krefst málskostnaðar sér til handa að viðbættum virðisaukaskatti. Verjandi krefst þess að ákærði verði sýknaður, til vara að ákærða verði ekki gerð refsing, til þrautavara að refsingu verði frestað og til þrautþrauta að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og hún verði skilorðsbundin að fullu. Þá krefst verjandi þess að bótakröfum brotþola verði vísað frá, til vara að ákærði verði sýknaður af kröfunum og til þrautavara að bótakröfurnar verði lækkaðar allverulega. Þá krefst verjandi málsvarnarlauna samkvæmt tímaskýrslu að viðbættum virðisaukaskatti sér til handa sem greiðist úr ríkissjóði.

5. Skýrslur fyrir dómi af brotþolum fóru fram í Barnahúsi ... 2025. Aðalmeðferð málsins fór fram 5. mars 2026, með skýrslutökum af ákærða og vitnum. Að loknum munnlegum málflutningi var málið dómtekið.

II. Málsatvik

6. Fram kemur í frumskýrslu lögreglu að rétt fyrir miðnætti sunnudaginn ... 2025 hafi borist tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra um yfirstandandi heimilisofbeldi að ... á Strax í framhaldi hafi borist önnur tilkynning frá Fjarskiptamiðstöð, að nágrenni af neðri hæð ... væri að tilkynna um hávaða sem bærisk frá miðhæð hússins. Lögreglumenn hafi farið á vettvang og hitt fyrir ákærða, sem hafi verið nokkuð æstur og aðeins viljað ræða við lögreglu í gegnum glugga á útidyrhurð íbúðarinnar. Lögreglumenn hafi svo rætt við ákærða fyrir utan íbúðina og hann síðan hleypt þeim inn. Ákærði hafi verið sjáanlega ölvaður og með bjór í hendi. Þáverandi sambýliskona ákærða og börn þeirra hafi verið búin að læsa sig inni í svefnherbergi og ákærði

bankað á hurðina og sagt þeim að lögreglan væri komin og hann ætlaði ekki að vera vondur. Á vettvangi hafi ákærði lítið viljað ræða hvað hefði gengið á, hann kvaðst aðeins hafa hækkað róminn. Ákærði var í framhaldinu handtekinn, grunaður um heimilisofbeldi, færður á lögreglustöðina á Akranesi og barnavernd upplýst um málið.

7. Í upplýsingaskýrslu lögreglu kemur fram að í framhaldi af því að ákærði var færður á lögreglustöðina hafi lögreglumenn farið og rætt við vitnið [D...] og brotþola málsins, [A...] og [B...], á vettvangi. Vitnið [D...] hafi þá greint frá því að ákærði hefði ráðist á brotþola [A...], son þeirra, og vitnið því ráðist á ákærða. Hún kvað ákærða ekki hafa gert sér neitt en ákærði hefði hrist brotþola [A...] til. Hún hefði gengið úr skugga um að engir áverkar væru á [A...] en sagðist hafa orðið hrædd og öskrað og því hefði dóttir þeirra, brotþoli [B...], hringt í lögregluna. Sagði hún börnin vera orðin mjög hrædd við ákærða og þau vilji hann út af heimilinu. Ákærði væri bæði ofbeldisfullur undir áhrifum og allsgáður.

III. Skýrslur fyrir dómi

8. Ákærði, [X...], gaf skýrslu fyrir dómi. Greindi hann frá því að hann ætti við áfengisvandamál að stríða og þetta kvöld hafi hann *farið yfir strikið*. Hann kvaðst sjá eftir því, sé að leita sér aðstoðar og sé á biðlista fyrir áfengismeðferð á Vogu. Þá sagðist hann vera ósáttur við það sem komi fram í lögregluskýrslu, að hann hafi hrist börnin. Hann kvaðst vera það hraustur að ef hann hefði hrist börnin hefði séð eitthvað á þeim. Annars sé langt um liðið og hann sé ekkert voðalega minnugur. Aðspurður um það hverju hann muni eftir og hvað hefði gerst þetta kvöld greindi ákærði frá því að hann og [D...], þáverandi sambýliskona hans, hefðu átt í einhverjum útistöðum, það orðið einhver átök og börnin reynt að stífa þeim í sundur.

9. Atvikalýsing í ákæru þess efnis að ákærði hefði tekið með báðum höndum um háls og höfuð brotþola [A...] var borin undir ákærða sem neitaði fyrir að hafa gert það. Þá svaraði hann því til þegar atvikalýsing í ákæru, þess efnis að hann hefði tekið um hendur dóttur sinnar, [B...] og haldið þeim og kreist þær, var borin undir hann að hann neitaði að svara, vissi ekki hvað hann ætti að segja.

10. Aðspurður sagði ákærði að einhverju fyrir það atvik sem hér er til meðferðar fyrir dómi hefðu hann og barnsmóðir hans, [D...], farið í áfengismeðferð en hann hefði misst föður sinn sem hafi á endanum leitt til þess að hann byrjaði að drekka aftur. Hann hefði þó náð að halda sér edrú í 8–9 mánuði en verið verulega ölvaður þegar umrætt atvik átti sér stað. Þá greindi ákærði frá því að á þeim tíma, þ.e. eftir að hann lauk áfengismeðferð, hefði samband hans og barnsmóður hans

verið mjög gott og þau talað reglulega saman. Það sé sömuleiðis þannig í dag. Þá eigi hann í góðum samskiptum við börnin sín og reyni að hitta þau eins oft og hann getur. Hann búi hins vegar norður í landi en þau eigi samskipti í gegnum síma og myndsímtöl. Ákærði kvaðst þó aldrei ræða við börnin þegar hann væri undir áhrifum áfengis en hann noti enn þá áfengi. Spurður um líkamlega hreysti í dag kvaðst ákærði ekki vera eins hraustur og hann var fyrir ári síðan, bæði þetta mál og föðurmissirinn hafi tekið mikið á hann.

11. Brotapoli, [A...], gaf skýrslu í Barnahúsi ... 2025. Þar greindi hann frá því að hann hafi verið að fara að sofa og heyrt í foreldrum sínum að rífast. Hann hafi farið að athuga með systur sína og þau farið saman fram, en þau fari alltaf saman fram ef þau heyra að eitthvað sé í gangi. Hann hafi svo séð föður sinn ýta móður brotþola og ætlað að ganga á milli þeirra. Ákærði hafi togað í hár móður brotþola, brotþoli [B...] hafi þá farið og hringt í neyðarlínuna og beðið um aðstoð. Hann og [B...] hafi svo haldið áfram að reyna að koma föður þeirra af móður þeirra, meðal annars með því að banka í höfuð ákærða sem hafi þá tekið fast um háls brotþola [A...] og haldið í svona 15–20 sekúndur. Ákærði hafi svo sleppt honum í kjölfar þess að [B...] hélt áfram að banka í höfuð ákærða. Að svo búnu hafi ákærði snúið sér að [B...] og tekið um hendur hennar en sleppt þegar móðir þeirra klóraði í hendur ákærða. Aðspurður hvort það hafi verið vont þegar ákærði tók um háls hans sagði vitnið það ekki hafa verið vont en honum hafi liðið skringilega. Þetta hafi þó ekki verið í fyrsta skiptið sem þetta gerðist og brotþoli hafi áður gefið skýrslu í Barnahúsi. Aðspurður um líðan sína í dag og samband sitt við ákærða sagði brotþoli að honum liði vel og samband sitt við ákærða í dag væri fínt. Þeir ræði saman í síma og í gegnum myndsímtöl en hann telji að faðir sinn þurfi faglega hjálp til að hafa stjórn á reiði sinni.

12. Brotapoli, [B...], gaf skýrslu í Barnahúsi ... 2025. Lýsti hún atvikum þetta kvöld á þá leið að hún hafi verið sofandi en vaknað við að foreldrar hennar voru að rífast. Það sé þó eitthvað sem þau geri stundum, sérstaklega þegar áfengi sé haft um hönd. Brotþoli hafi farið fram úr herbergi sínu en móðir hennar hafi farið út að reykja. Faðir hennar hafi verið pirraður og reiður og þau feðgin átt í einhverju orðaskaki. Brotþoli sé með kvíða sem valdi því að fætur hennar hristist, sér í lagi þegar hún verður reið. Móðir hennar hafi á þessari stundu gengið inn og séð hana titra og spurt hvort ákærði hafi verið að meiða hana. Brotþoli kvað móður sína hafi haldið að ákærði hafi meitt brotþola, sem hann hafði ekki gert. Ákærði hafi svo komið og ýtt móður hennar niður og brotþoli hjálpað henni á fætur. Ákærði hafi svo tekið í móður hennar og hún og [A...] hafi verið að reyna að fá hann til að sleppa henni með því að banka og berja í höfuð hans. Það hafi hins vegar verið erfitt því hann sé svo hávaxinn. Ákærði hafi svo reynt að taka um háls á brotþola [A...], ekki náð því alveg en tekið undir eyru hans og reynt að lyfta honum upp þannig að brotþoli varð rauður í framan, *með glær augu* og alveg að fara að gráta. Aðspurð sagði brotþoli

að ákærði hefði ekki alveg náð að lyfta brotþola [A...], heldur aðeins þannig að [A...] stóð á tám. Ákærði hafi svo ætlað að taka hana hálstaki en móðir hennar ýtt höndum hans þannig að þær gripu um báðar hendur hennar og hann hafi svo kreist þær og haldið í um það bil 15 sekúndur. Ákærði hafi svo sleppt henni þegar móðir hennar hafi klórað hann. Að svo búnu hafi brotþoli hringt í lögregluna sem kom á vettvang stuttu síðar. Aðspurð hvernig henni hefði liðið á meðan á þessu stóð sagði brotþoli að henni hefði ekki liðið vel og væri *smá glöð* yfir því að faðir hennar væri farinn af heimilinu. Samband þeirra hafi þó alltaf verið gott og sé mjög gott, nema þegar ákærði er undir áhrifum áfengis, og þau ræði stundum saman í síma. Aðspurð hvort hún hafi hlotið einhverja áverka af völdum föður síns í umrætt skipti sagði brotþoli svo ekki hafa verið.

13. Vitnið, [D...], gaf skýrslu fyrir dómi. Lýsti hún atvikum þannig að hún hafi verið að háttá sig inni í herberginu sínu þegar hún hafi heyrt dóttur hennar og ákærða reka upp sársaukahljóð frammi í íbúðinni. Vitnið kvaðst hafa hlaupið fram og spurt dóttur þeirra hvort ákærði hafi meitt hana. Ákærði hafi þá ýtt vitninu og dóttir þeirra ætlað að hjálpa henni með því að ganga á milli þeirra. Ákærði hafi þá tekið utan um báðar hendur dóttur þeirra og haldið henni. Vitnið hafi reynt að losa dóttur þeirra og þá hafi [A...], sonur þeirra, komið og hún kallað á hann að hringja í lögregluna. Hann hafi hins vegar ætlað að ganga á milli foreldra sinna til að reyna að stífa þeim í sundur og ákærði þá tekið hann hálstaki. Hún hafi náð að slíta son þeirra frá ákærða og komið sér og börnunum inn í herbergi og læst að sér. Nokkrum mínútum seinna hafi lögreglan komið á vettvang. Aðspurð um líkamlegt atgervi ákærða á þessum tíma sagði vitnið hann hafa verið mjög hraustan. Þá sagði hún aðspurð að dóttir þeirra hefði ekki verið marin eftir ákærða. Spurð nánar út í það hvernig ákærði hefði tekið utan um dóttur þeirra sagði vitnið að dóttir þeirra hafi verið að reyna að ýta ákærða með báðum höndum í burtu frá vitninu og ákærði því tekið utan um hendur dóttur þeirra. Taldi vitnið að ásetningur ákærða hafi ekki verið að meiða dóttur þeirra, en bætti því við að þegar ákærði verði reiður verði hann reiður og viti stundum ekkert hvað hann er að gera. Aðspurð um það hvort það hefði ekki verið líklegt að sonur þeirra, [A...], hefði verið með einhverja áverka eftir ákærða sökum þess hversu hraustur ákærði hafi verið sagði vitnið að [A...] hefði verið með pínu roða á hálsinum, svona smá mar, en ítrekaði að hún hefði ekki séð neina áverka á [B...], dóttur þeirra. Hún sagðist aðspurð ekki hafa farið með börnin í lækni skoðun. Beðin um að lýsa samskiptum sínum við lögreglu á vettvangi sagði vitnið að þau hefðu verið mjög lítil og óformleg, lögreglumenn hefðu beðið hana að koma í skýrslutöku daginn eftir. Spurð um það hvort lögreglan hefði kynnt henni að hún gæti skorast undan því að segja frá vegna tengsla sinna við ákærða kvaðst vitnið ekki geta svarað því vegna þess að hún hreinlega myndi það ekki. Um samband sitt og ákærða í dag sagði vitnið að þau hefðu ekki tekið saman aftur, þetta hafi verið endapunkturinn á þeirra sambandi þó að þetta hafi ekki verið alvarlegasta

atvikið á meðan á sambandi þeirra stóð. Þá greindi vitnið frá því að á þeim tíma þegar hún og ákærði voru bæði edrú hefðu þau átt í mjög góðu sambandi og verið bestu vinir.

14. Lögreglumaður nr. 2321 gaf skýrslu fyrir dómi en sami lögreglumaður skrifaði frum- og upplýsingaskýrslu í málinu. Rakti hún málavexti á sömu leið og fram kemur í málsatvikakafla dómsins og staðfesti skýrslurnar að öðru leyti. Aðspurð af verjanda kvaðst lögreglumaðurinn ekki muna hvort vitninu [D...] hefði verið kynnt vitnaskylda og vitnaábyrgð á vettvangi og að hún gæti skorast undan því að tjá sig um málið vegna tengsla sinna við ákærða.

15. Lögreglumaður nr. 9701 gaf skýrslu fyrir dómi í gegnum fjarfundarbúnað. Lýsti hann aðkomu sinni að málinu á þá leið að hann hefði verið kallaður út í útkall vegna gruns um heimilisofbeldi. Ákærði hefði verið handtekinn á vettvangi og hann og lögreglumaður nr. 2321 hefðu að svo búnu farið inn í íbúðina til að athuga með ástand [D...] og brotþola málsins en þau voru búin að læsa sig inni í herbergi. Lögreglumenn hafi rætt við [D...] sem hafi tjáð þeim að ákærði hefði ráðist á drenginn og meitt hann. Lögreglumenn hafi skoðað [A...] til að vita hvort greina mætti áverka á honum en svo hafi ekki verið. Að svo búnu hafi þau yfirgefið vettvang. Inntur eftir því af verjanda hvort [D...] og brotþolum hefði verið kynnt vitnaskylda, vitnaábyrgð og að þau mættu skorast undan því að segja frá vegna tengsla sinna við ákærða kvaðst vitnið ekki muna hvort svo hafi verið gert sökum þess hve langt sé liðið frá atburðum málsins en reiknaði ekki með því að það hefði verið gert.

IV. Niðurstaða

16. Ákærða er gefið að sök að hafa með ruddalegum hætti veist að börnum sínum inni á heimili þeirra þegar hann hafði átt í útistöðum og jafnvel átökum við þáverandi sambýliskonu sína og móður barnanna.

17. Ákærði kvaðst vilja tjá sig um sakarefnið fyrir dómi en gerði þó þann fyrirvara að mögulega myndi hann um einstök atriði neita að tjá sig. Hann hefur þó gengist við því að hafa veist að börnunum í umrætt sinn en í málsvörn hans var byggt nokkuð á því að hann hefði verið með einhverjum hætti að verjast atlogum barnanna sem hafi veist að honum til, að því er virðist, að halda honum frá móður þeirra og sambýliskonu ákærða. Þessi vörn er með talsverðum ólíkindum, auk þess sem ákærði er mikill á velli og augljós aflsmunur á milli hans og ... ára barna hans. Þá er útilokað að sjá hvernig skelfingu lostin börn sem lenda í aðstæðum sem þessum, sem samkvæmt gögnum málsins voru ekki fordæmalausar á heimilinu, geti átt einhverja sök hér eða réttlætt háttsemi ákærða.

18. Börnin gáfu skýrslu í Barnahúsi tæpum þremur vikum eftir atvikið. Framburður barnanna sem eru tvíburar, þarna nýorðin ... ára gömul, er að mati dómsins skýr og greinargóður og virðist ýkjulaus og trúverðugur. Þau bera föður sínum ágætlega söguna og sambandi þeirra við hann bæði fyrir og eftir atvikið, en lýsa því bæði hvernig hann missi stjórn þegar áfengi sé haft um hönd. Atlögu ákærða á hendur þeim lýsa þau hins vegar á sama veg og styður framburður þeirra með afdráttarlausum hætti við ákæru málsins, utan þess að ekki er hægt að staðhæfa að mati dómsins að ákærði hafi hrist son sinn eins og greinir í ákæru. Framburður móður barnanna sem var vitni að atvikum er á sama veg. Þá hefur ákærði að hluta gengist við því að hafa veist að börnum sínum umrætt sinn þótt hann lýsi atvikum með öðrum hætti en í ákæru greinir.

19. Með vísan til framangreinds verður hins vegar að telja framkomna sönnun sem ekki verði vefengd með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, fyrir því að ákærði hafi gerst sekur um þau brot sem greinir í ákæruskjali utan framangreinds. Verður hann því sakfelldur.

20. Samkvæmt framansögðu telst sannað að ákærði hafi tekið af ásetningi með báðum höndum um háls og höfuð ... ára sonar síns og einnig í samfellu við fyrra brotið tekið um hendur jafn gamallar dóttur sinnar, haldið þeim og kreist. Í báðum tilvikum hafi hann ógnað heilsu og velferð barnanna. Atvik þessi verða við ömurlegar aðstæður um miðnætti þar sem börnin eru inni á heimili sínu og virðast einkum hafa verið að reyna að forða átökum á milli foreldra sinna. Eins og fram kom mjög skýrt í framburði fyrir dómi og ekki hefur verið andmælt var þetta langt í frá í fyrsta sinn sem börnin þurftu að upplifa svona ástand inni á heimilinu enda hlaut ákærði dóm í ... 2024 fyrir brot gegn barni sínu og á grundvelli sama ákvæðis og hér er ákært vegna. Framangreind háttsemi ákærða þar sem hann veittist að börnum sínum báðum með þessum hætti var til þess fallin að vekja mikinn ótta og skelfingu hjá börnunum, sbr. t.a.m. lýsingu dóttur ákærða á aðför hans gagnvart syni sínum umrætt sinn, sbr. framangreint. Ástand ákærða þar sem hann hefur líkast til verið ofurölvi breytir engu um refsinemi verknaðarins og hefur heldur engin áhrif til mildunar eins og byggt var á. Þrátt fyrir að þessi atлага ákærða á hendur börnum sínum hafi ekki skilið eftir sig sýnilega eða a.m.k. ekki alvarlega líkamlega áverka verður þegar málsatvik eru virt heildstætt litið svo á að brotin varði við 1. mgr. 218. gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eins og ákæruvaldið byggir á. Það ákvæði er sérákvæði um ofbeldi gagnvart börnum og öðrum í nánú sambandi með hærri refsimeðferð en refsíákvæði 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga sem ákærða er einnig gefið að sök í ákæru að hafa brotið. Ákvæðið tæmir því sök gagnvart framangreindum ákvæðum barnaverndarlaga og verður háttsemi ákærða því ekki jafnframt heimfærð til þeirra. Sjá um heimfærslu brotsins m.a. dóma Hæstaréttar í málum nr. 42/2021 og 47/2021.

Ákvörðun refsingar, einkaréttarkröfur og sakarkostnaður

21. Ákærði er fæddur árið Samkvæmt framlögðu sakavottorði, dagsettu 28. ágúst 2025, var ákærði með dómi Héraðsdóms Vesturlands, í máli nr. S-.../2024, sem kveðinn var upp ... 2024, dæmdur í þriggja mánaða fangelsi skilorðsbundið til þriggja ára fyrir brot gegn 1. mgr. 218 gr. b almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 13. gr., sbr. 36. gr., vopnalaga nr. 16/1998. Þar braut hann einkum gegn sambýliskonu sinni en einnig framangreindum börnum þeirra. Ákærði er hér sakfelldur öðru sinni fyrir tvö brot sem varða, metin heildstætt með hliðsjón af gögnum málsins, við sama ákvæði og hefur jafnframt rofið skilorð framangreinds dóms sem verður tekinn upp við refsíákvörðun. Brotin eru að mati dómsins alvarleg og ófyrirleitin gagnvart börnum ákærða inni á heimili þeirra sem á að vera þeim griðastaður. Að auki verður að horfa til þess að brotin eru framin, og skilorð þar með rofið, einungis rétt um þremur mánuðum eftir að fyrri dómur féll, sbr. framangreint. Allt framangreint horfir til refsíþyngingar. Það sem horfir til refsí-mildunar er að því er virðist einlægur ásetningur ákærða til að reyna að ná betri tókum á lífi sínu. Jafnframt verður litið til þess að ákærði hefur ekki búið á heimilinu frá því að brotin voru framin sem og þess að börnin bera að því er virðist ekki þungan hug til föður síns þrátt fyrir þessi ósköp heldur í raun þvert á móti og greina frá því að hann hagi sér ekki svona gagnvart þeim nema þegar hann er undir áhrifum áfengis og að hann þurfi hjálp. Með vísan til framangreinds og þess að líkamlegar afleiðingar þessara brota sem hér er ákært fyrir voru litlar, ef nokkrar, þykir rétt að binda hluta refsingar ákærða skilorði. Að virtum framangreindum sjónarmiðum verður ákærða gert að sæta fangelsi í sex mánuði en þrjú mánuðir af refsingunni verða bundnir almennu skilorði og skal sú refsing falla niður að liðnum þremur árum frá dómsuppsögu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

22. Í málinu liggja fyrir skaðabótakröfur sem móðir beggja brotaþola hefur gert fyrir þeirra hönd á hendur ákærða. Einungis er um að ræða kröfu til miskabóta á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, um greiðslu á annars vegar 800.000 króna fyrir hönd [A...], en 600.000 króna fyrir hönd [B...] í báðum tilvikum auk tilgreindra vaxta. Kröfur þessar eru teknar upp í ákæru málsins, sbr. framangreint. Í samræmi við niðurstöðu málsins eiga brotaþolar rétt á miskabótum úr hendi ákærða skv. tilvísuðu ákvæði. Ljóst er að atлага sem þessi þar sem faðir ræðst að börnum sínum með ofbeldi inni á sameiginlegu heimili og neytir aflsmunar verður aldrei talin annað en hræðileg upplifun og þótt börnin í þessu tilviki séu orðin nokkuð stálpuð og hafi að því er virðist ýmsa fjöruna sopið í þessum efnum, eins ógeðfellt og það er, verður því slegið föstu að þau hafi orðið fyrir umtalsverðum miska vegna þessa. Eru og brot sem þessi ætíð til þess fallin að valda þeim er fyrir verður umtalsverðum miska. Að virtri dómaframkvæmd og atlögu ákærða sem og þess að líkamlegir áverkar voru svo til engir verða miskabætur til brotaþola ákvarðaðar 400.000

krónur til handa [A...] og 300.000 krónur til handa [B...] ásamt vöxtum eins og greinir í dómsorði en dráttarvextir reiknast frá því er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfu sem var samhliða fyrirfalli í málinu.

23. Ákærða verður í samræmi við 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 gert að greiða málsvarnarlaun verjanda sem og þóknun vegna starfa verjanda á rannsóknarstigi málsins og við skýrslutökur í Barnahúsi. Tekur þóknun verjanda mið af framlagðri tímaskýrslu og reglum dómstólasýslunnar um tímagjald til viðmiðunar nr. 1/2026. Málsvarnarlaun eru ákveðin með virðisaukaskatti og teljast hæfileg miðað við framangreindar forsendur 900.000 kr. Að auki skal ákærði greiða aksturskostnað verjanda samkvæmt yfirliti að fjárhæð 34.094 kr. Ákærði greiði þá þóknun réttargæslumanns beggja brotþola. Á rannsóknarstigi var Unnsteinn Örn Elvarsson lögmaður skipaður réttargæslumaður þeirra beggja en hann óskaði lausnar af persónulegum ástæðum degi fyrir aðalmeðferð. Við starfanum tók skömmu fyrir upphaf aðalmeðferðar, með samkomulagi beggja lögmannna sem og forsvarsmanns brotþola, Sunna Magnúsdóttir lögmaður. Þóknun er á grundvelli framlagðrar tímaskýrslu og málflytningu ákveðin í einu lagi til skipaðs réttargæslumanns og tekur þannig til heildarþóknunar beggja, sbr. sundurliðun á yfirliti lögmannsins. Ákvörðun um þóknun réttargæslumanns verður tekin á grundvelli sömu sjónarmiða og laun verjanda skv. framangreindu og ákveðst hæfileg 750.000 krónur með virðisaukaskatti. Þá skal ákærði greiða aksturskostnað réttargæslumanns að fjárhæð 20.736 krónur, en í þeim efnum er mið tekið af auglýsingu nr. 1/2025 um akstursgjald ríkisstarfsmanna. Engan annan sakarkostnað leiddi af meðferð málsins.

24. Emil Sigurðsson aðstoðarsaksóknari flutti málið fyrir dómi af hálfu ákæruvalds.

25. Dóm þennan kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari á Vesturlandi.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, [X...], sæti sex mánaða fangelsi en fresta skal fullnustu þriggja mánaða af refsingu dómfellda og skal hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi dómfelldi almennt skilorð samkvæmt 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði [A...], kt. ..., 400.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá ... 2025, til 9. nóvember 2025, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi allt til greiðsludags.

Ákærði greiði [B...], kt. ..., 300.000 krónur í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, frá ... 2025, til 9. nóvember 2025, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr. vaxtalaga, sbr. 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi allt til greiðsludags.

Ákærði greiði verjanda sínum, Gunnari Gíslasyni lögmanni, 900.000 krónur í málsvarnarlaun, auk 34.094 króna í aksturskostnað.

Ákærði greiði skipuðum réttargæslumanni beggja brotaþola 750.000 krónur í þóknun, auk 20.736 króna í aksturskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson